

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. á sviði Neytendastofu.

Frá Pétri H. Blöndal.

1. Við 1., 4., 5., 7. og 8. gr. 1. efnismgr. greinanna orðist svo:
Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.
2. Við 2. gr. A-liður orðist svo: 2. másl. orðast svo: Ákvæði laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins gilda um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð.
3. Við 3. gr. Við efnismálgrein a-liðar bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Málskot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

Greinargerð.

Þar sem efnahags- og viðskiptanefnd hefur fengið til meðferðar nýtt frumvarp um breytingu á lögum á sviði Neytendastofu (þskj. 917, 617. mál) þar sem að nokkru leyti eru lagðar til efnislega sömu breytingar og í því frumvarpi sem hér um ræðir er talið rétt til einföldunar að samræma efni frumvarpanna þannig að aðeins verði gerðar breytingar á tilgreindum ákvæðum í þessu frumvarpi. Í 3. tölul. í breytingartillögum þessum felst lagfæring en um er að ræða setningu sem var felld brott úr frumvarpinu fyrir slysi við aðra umræðu.